

Fljótsdalshérað  
b/t Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 2. september 2019  
UST201907-245/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Stuðlagil – Grund - Fljótsdalshérað**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélags er barst 29. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Grund og Stuðlagil í Fljótsdalshéraði.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir þremur þjónustulóðum, þremur frístundalóðum, skógræktarsvæði, göngustígum, tröppum og palli. Markmið tillögunnar er m.a. að skipulagga svæði og reiti fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu innviða til að taka á móti vaxandi straumi ferðamanna s.s. göngustíga, merkinga og mögulegra mannvirkja.

**Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Umhverfisstofnun telur mikilvægi þess að umferð ferðamanna um svæðið verði stýrt með tilliti til náttúruverndar og varpsvæða fugla.

**Heildarskipulag og ásjón**

Markmið tillögunnar er að byggja upp innviði til að taka á móti ferðamönnum sem heimsækja Stuðlagil. Þar sem ferðamenn heimsækja svæðið báðum megin við gilið telur stofnunin mikilvægt að heildar áhrifasvæðið Stuðlagils sé skipulagt sem ein heild til að stýra umferð og vernda umhverfi, ásjón og náttúru.



## UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur er, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

### Forsendur lóðir

Umhverfisstofnun bendir á að það sé óljóst hversu margar byggingar er heimilt að byggja á hverri lóð fyrir sig og því erfitt að meta umhverfisáhrif, fyrirhugað rask og breytta ásýnd á svæðinu.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rákel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur